

Sæl Berglind.

Um þessar mundir er deiliskipulag um Kaldársel í kynningu. Það sem kemur fram í deiliskipulaginu er að mestu í samræmi við það sem rætt var á fundi okkar 6. september síðastliðinn en þó er ýmislegt sem vantar upp á að mati stjórnar Kaldársels. Það vekur athygli okkar að á umræddum fundi var talið ljóst að halda þyrfti annan fund áður en endanleg skipulagstillaga væri samþykkt og vekur því furðu af hverju deiliskipulagið hafi verið sett í auglýsingu án þess að boða okkur í Kaldárseli til fundar. Í framtíðarsýn Kaldársels sem send var til þín 19. september síðastliðin kemur fram að sú ákvörðun að setja Kaldársel innan vatnsverndarmarka mæti mikilli mótstöðu og að stjórn Kaldársels fari fram á nákvæmar útskýringar á því af hverju vatnsverndarlínan hafi verið dregin fyrir neðan hús Kaldársels í staðin fyrir að hafa hana 30-40 metrum ofar. Við höfum ekki fengið þessar útskýringar og förum enn fram á að þær séu gefnar. Á sama tíma minni ég á að í viljayfirlýsingu, sem undirrituð var 25. maí 2006 og er tilgreind í greinagerðinni sem fylgir deiliskipulaginu, kemur fram að Kaldársel og Hafnarfjarðarbær eigi að vinna að *sameiginlegu* deiliskipulagsverkefni. Það er því ekki óeðlilegt að Kaldársel fari fram á að þessar upplýsingar séu gefnar og að deiliskipulagið sé unnið í fullu samráði við okkur.

Í áðurnefndri framtíðarsýn Kaldársels kemur fram að stjórn Kaldársels harmi það að hafa ekki möguleika á því að breyta eða stækka núverandi húsakost í framtíðinni ef ske kynni að þarfir á nýtingu húsnæðisins myndu breytast. Það er gríðarlega heftandi fyrir okkur að þurfa að binda okkur við núverandi húsakost að öllu leyti. Það að lína um grannsvæði vatnsverndar sé dregin þar sem hún er núna skv. deiliskipulagi getur komið í veg fyrir framtíðaruppbyggingu á svæðinu enda óheimilt, sbr. 16. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 55/2015, að leyfa nýjar byggingar á grannsvæðinu nema með sérstöku leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 24. og 25. gr. samþykktarinnar. Við verðum að geta haft þann möguleika að geta endurbyggt húsin ef þau verða fyrir varanlegum skemmdum og/eða byggja við þau ef starfsemin eykst það mikið að þörf verði á stærra húsnæði. Er því brýnt að fá svar við því, ef grannsvæði vatnsverndar verður ekki breytt, hvort Kaldárseli sé þá a.m.k. heimilt að sinna eðlilegu viðhaldi og endurbótum á þeim húsakosti sem þegar er til staðar sem og að koma upp viðunandi afþreyingu, s.s. rólum,

klifurkastala eða álíka, fyrir börn og unglínga í starfi á vegum félagsins. Sé slíkt ekki heimilt gæti það stefnt starfsemi Kaldársels í hættu á svæðinu.

Einnig kemur fram í framtíðarsýninni að það sé von okkar í Kaldárseli að geta byggt upp einhverskonar æskulýðsstarf á staðnum. Nú á næstu vikum er starfsemi að hefjast í Kaldárseli sem nefnist Vinasetrið. Vinasetrið er stuðnings- og helgarheimli fyrir börn á aldrinum 6-12 ára sem þurfa á stuðningsfjölskyldum að halda að mati félagsþjónustunnar og/eða foreldra og forráðamanna. Vinasetrið er ekki á vegum KFUM og KFUK en starfsemin er þó að hefjast í Kaldárseli að frumkvæði félagsins. Það undirstrikar að við í Kaldárseli viljum styrkja allt starf sem unnið er í þágu barna og unglínga í Kaldárseli. Við erum því að vinna hörðum höndum að okkar þætti í áður nefndri viljayfirlýsingu. Við þetta má bæta að við höfum sett það á þriggja ára markmið hjá okkur að efla skógrækt og náttúruvernd í Kaldárseli. Þessi viljayfirlýsing skiptir okkur miklu máli og við tókum hana alvarlega. Von okkar er að Hafnarfjarðarbær geri slíkt hið sama.

Í ljósi þess að komin er tvennskonar starfsemi í Kaldársel, (1) sumarþúðir KFUM og KFUK og (2) Vinasetrið, er nauðsynlegt að starfsmenn og foreldrar barna í Kaldárseli hafi greiðan aðgang að húsunum. Við þurfum því að fá nánari útskýringu á hugtakinu „þjónustustígur“ sem notað er í greinargerð með deiliskipulaginu. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir alla okkar starfsemi að hægt sé að nota þann stíg til að sækja og skutla börnum til og frá Kaldárseli ásamt því að geta sinnt vörumóttöku og öðrum þáttum sem lúta að Kaldárseli og krefjast aksturs til og frá húsunum. Skiptir hér því líka miklu máli að fá svör við því hvort Kaldárseli sé heimilt að láta þá sem eiga erindi í Kaldársel, s.s. foreldra eða sendingar af matvörum, aka alla leið upp að núverandi bílastæði sem er við húsin eða hvort nauðsynlegt sé að koma upp aðstöðu fyrir þær bifreiðar utan grannsvæðis vatnsverndar. Ef sú aðstaða þarf að vera utan grannsvæðis vatnsverndar myndi Kaldársel vilja eiga viðræður við Hafnarfjarðarbæ um hvar best væri að koma því fyrir meðal annars með hliðsjón af því hversu lítill hluti af lóð Kaldársels liggur fyrir utan grannsvæðislínuna og því æskilegt að hægt sé að nýta það svæði undir annað en bílastæði.

Að öðru leyti þá fögnum við þeim áætlunum að minnka umferð framhjá okkar húsum og teljum að ný staðsetning á bílastæðum sé góð og vel valin.

Fyrir hönd stjórnar Kaldársels. Arnór Heiðarsson.